

Mál nr. 5/2026**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)****Skaðabótaábyrgð. Sönnun. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 5. janúar 2026 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 26. janúar 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 30. janúar 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 1. desember 2023 hafi M orðið fyrir líkamstjóni við vinnu sína á bifreiðaverkstæðinu X. Atvik hafi verið þau að olía hafði lekið á gólf verkstæðisins og borist undir skó M. Það hafi svo valdið því að hann rann í tröppum sem lágu niður í viðgerðargryfju í húsnæði X, féll aftur fyrir sig og lenti illa á baki og síðu. Hafi M orðið fyrir líkamstjóni vegna þessa.

M gerir kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X vegna tjóns síns. Er í málskoti vísað til þess að X hafi borið að tryggja öruggt vinnuumhverfi til samræmis við ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðir sem settar hafi verið með stoð í þeim. Tilvist olíu á gólfi verkstæðis, nálægt umræddum tröppum, feli í sér augljósa slyshættu sem X hafi borið að bregðast við. Þá hafi X vanrækt að tilkynna Vinnueftirlitinu um slysið svo sem áskilið sé í 79. gr. laga nr. 46/1980. Slík tilkynning hefði leitt til vettvangsrannsóknar sérfræðinga Vinnueftirlitsins á orsökum slyssins. Þá liggi fyrir að eigandi X hafi þrifið vettvang slyssins áður en lögregla eða aðrir aðilar gátu rannsakað hann. Verði X að bera allan halla af sönnunarskorti sem leiði af framangreindu og verði að leggja frásögn M um að hann hafi runnið í olíu til grundvallar.

Í bréfi V til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að V telji ósannað að slys M verði rakið til saknæms vanbúnaðar, vanrækslu eða annarra atvika eða aðstæðna sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð á. Fyrir liggi að lögregla hafi verið kölluð á vettvang og liggi frumskýrsla hennar, dags. 4. desember 2023, fyrir auk þess sem framburðar M hafi verið aflað. Í frumskýrslu lögreglu komi fram að M hafi tjáð sjúkraflutningamönnum að hann hafi stigið í olíupoll rétt fyrir fallið. Að öðru leyti fáið það ekki staðfest í gögnum málsins að olía hafi verið á gólfinu og telji V það því ósannað. Er þess þá getið að í skýrslu lögreglu komi fram að umræddar tröppur sem eru gerðar úr riffluðu áli, hafi verið mjög stamar og með góðu gripi. Það að eigandi X hafi þrifið umræddan poll upp áður en lögregla og sjúkraflutningamenn komu á vettvang fái þá enga stoð í gögnum málsins. Í lögregluskýrslu sé í engu getið um olíu á vettvangi né sjáist hennar merki á ljósmynd í frumskýrslu lögreglu. X hafi ekki haft vitneskju um meintan olíupoll og því ekki heldur haft færi á að bregðast við honum. Jafnvel þó M hafi stigið í olíupoll í aðdraganda slyssins sé ekki sýnt fram á að bótaskylda hafi stofnast enda sé hvorki ólíklegt né óvanalegt að olía sé á gólfum bifreiðaverkstæða. Hafi M sem hafði á slysdegi starfað hjá X í um 17 ár, átt að vera kunnugt um það og þörfina á því að gæta varúðar. Hefði það þá ekki breytt neinu um sönnunargildi fyrirbyggjandi gagna þó Vinnueftirlitinu hefði verið tilkynnt um slys M enda hafi lögregla verið kölluð til og liggi tvær skýrslur hennar fyrir. Leiði af öllu framangreindu að ósannað sé að slys M verði rakið til nokkurs þess sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Í viðbótarathugasemdum M er afstöðu V mótmælt og fyrri röksemdir áréttáðar. Er sérstaklega áréttáð að það að lögregla hafi komið á vettvang leysi vinnuveitanda ekki undan þeirri skyldu að tilkynna um slys til Vinnueftirlitsins. Er þá ítrekað að samkvæmt frásögn M hafi forsvarsmaður X þrifið olíuna upp áður en vettvangsrannsókn lögreglu fór fram. Það að lögregla hafi ekki séð olíu við skoðun á tröppunum sanni ekki að hún hafi ekki verið til staðar þegar slysið varð. Er því þá hafnað að olía á gólfi sé eðlilegur hluti starfsemi bifreiðaverkstæða, þvert á móti sé um að ræða „aðskotahlut“ sem sérstök hætta stafi af og vinnuveitanda beri að bregðast strax við.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Þegar um

vinnuslys er að ræða getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða lýsingu á atvikum ber að leggja til grundvallar.

Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.

Fyrir liggur að Vinnueftirlitinu var ekki tilkynnt um slys M þó af gögnum málsins megi ráða að M hafi orðið óvinnufær þegar í kjölfar þess. Verður því að miða við frásögn M hvað varðar tildrög slyssins sem slík, þ.e. að hann hafi stigið í olíu sem hafi valdið því að skór hans voru sleipir og hann rann og féll niður umræddar tröppur.

Þau atvik leiða þó ekki ein og sér til þess að skilyrði skaðabótaskyldu teljist uppfyllt heldur verður að sýna fram á að slys M verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis X eða starfsfólks þess eða annarra aðstæðna eða atvika sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Ekkert liggur fyrir um að umræddar tröppur hafi verið vanbúnar á einhvern hátt og samkvæmt því sem fram kemur í frumskýrslu lögreglu var um að ræða „áltröppur með riffluðu munstri og reyndust þær mjög stamar og gott grip á þeim.“ Samkvæmt framburði M fyrir lögreglu hinn 13. desember 2023 var hann „í vinnuskóm með stáltá þegar slysið átti sér stað og að þeir hafi verið þokkalega stamir.“ Ekki virðist því um það deilt að tröppurnar sem slíkar og skóbúnaður M hafi verið fullnægjandi. Hvað varðar umþrættan olíupoll verður að fallast á það með V að töluverð hættu sé á því að olía geti verið á gólfi bifreiðaverkstæðis. Það eitt að olía hafi verið á gólfi bifreiðaverkstæðis verður því ekki metið X til sakar. Þá liggur ekkert fyrir um að eigandi X, en öðrum starfsmönnum en honum og M virðist ekki hafa verið til að dreifa, hafi fyrir slys M haft vitneskju um að olía væri á gólfinu en vanrækt að þrifa hana upp og það hafi leitt til slyssins. Í málskoti eða öðrum gögnum málsins er þá ekki að finna neina frekari umfjöllun um hvaðan umþrætt olía hafi stafað, en samkvæmt lögregluskýrslu var M einn á vettvangi í „nokkrar mínútur á þeim tímapunkti“ sem slysið varð.

Þrátt fyrir að byggt verði á lýsingu M á atvikum slyssins verður hann þó að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem uppi er um að það verði metið X eða eiganda þess til sakar að olía var á gólfinu umrætt sinn. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir